



Framkvæmda- fréttir

7. tbl. / 11



Varasöm einbreið brú á Raknadalsá í Patreksfirði (Barðastrandarvegur 62) er ein fjögurra brúa sem verða endurnýjaðar í átaksverkefni skv. tillögu Vegagerðarinnar.

Fjórar einbreiðar brýr hverfa

Vegagerðin leggur til að fjórar brýr á Vestsfjörðum verði breikkaðar

Áður birt á vegagerdin.is 04.05.2011

Ríkisstjórnin samþykkti á fundi sínum á Ísafirði 5. apríl sl. að ráðast í verkefni í vegagerð á Vestsfjörðum fyrir 350 milljónir króna til viðbótar við verkefni á samgönguáætlun.

Vegagerðin hefur gert tillögu um að fyrir þetta fé verði fjórar einbreiðar brýr á Djúpvegi og Barðastrandarvegi breikkaðar þ.e.a.s. byggðar verði nýjar brýr á Seljalandsós og Seljalandsá á Djúpvegi (61), ný brú verði byggð á Raknadalsá á Barðastrandarvegi (62) og að ræsi komi í stað einbreiðrar brúar á Hrísnésá sem einnig er á Barðastrandarvegi (62).

Mat Vegagerðarinnar er að þessi verkefni séu best til þess fallin að auka atvinnu, bæta öryggi vegfarenda og bæta ástand vegamála á Vestsfjörðum almennt.

Í þessu ljósi er lagt til að fækka einbreiðum brúm sem eykur umferðaröryggi og eins er brúarsmíðin mannaflsfrækari en hefðbundin vegalagning.

Þessi verk koma til framkvæmda síðar á árinu.

Auglýsingar útboða

Yfirlagnir á Suðvestursvæði og Suðursvæði 2011, malbik 11-006

Vegagerðin óskar eftir tilboðum í yfirlagnir með malbiki á Suðvestursvæði og Suðursvæði árið 2011.

Helstu magnþölur:

Malbik	17.100 tonn
Útlögn	115.200 m ²
Hjólfarafylling	47.000 m ²
Fræsing	16.400 m ²

Verki skal að fullu lokið 20. ágúst 2011.

Útboðsgögn verða seld hjá Vegagerðinni Borgartúni 7 Reykjavík (móttaka) frá og með mánudeginum 9. maí 2011. Verð útboðsgagna er 2.000 kr.

Skila skal tilboðum á sama stað fyrir kl. 14:00 þriðjudaginn 24. maí 2011 og verða þau opnuð þar kl. 14:15 þann dag.

Framkvæmdafréttir Vegagerðarinnar 7. tbl. 19. árg. nr. 563 9. maí 2011

Ritstjórn
og umsjón útgáfu:
**Viktor Arnar
Ingólfsson**
Ábyrgðarmaður:
Gunnar Gunnarsson
Prentun: Oddi

Ösk um áskrift sendist til:
Vegagerðin
Framkvæmdafréttir
Borgartúni 7
105 Reykjavík
eða með tölvupósti til:
vai@vegagerdin.is

Vegagerðin gefur út Framkvæmdafréttir til að kynna útboðs-
framkvæmdir fyrir verktökum. Fyrirhuguð útboð eru kynnt,
útboðsauglýsingar eru birtar og greint er frá niðurstöðum og
samningum. Auk þess er í blaðinu annað það fréttæfni sem
verður til hjá stofnuninni og talið er að eigi erindi til verktaka.
Útgáfa er óregluleg og nokkrar vikur geta liðið milli tölublaða.
Áskrifendur eru m.a. verktakar, verkfræðistofur, fjölmiðlar og
áhugafólk. Áskrift er endurgjaldslaus.

Langflestir vilja breikka vegi

viðhorfskönnun til þjóðvegakerfisins vetur 2011

Aður birt á vegagerdin.is 02.05.2011

Langflestir aðspurðra vilja breikka vegi í nýrri viðhorfskönnun sem Maskína vann fyrir Vegagerðina um þjóðvegi landsins. Þetta er mikil breyting frá sambærilegri könnun fyrir ári síðan þegar langflestir vildu auka hálkuvarnir sem nú er í þriðja sæti. Næst helst vill fólk bæta vegina eða slitlagið.

Um 52 prósent eru mjög eða frekar jákvæð í garð Vegagerðarinnar, um 37 prósent hvorki né en ríflega tíundi hver er frekar eða mjög neikvæður í garð Vegagerðarinnar. Fjölgar örlítið í þeim hópi frá síðustu könnun.

Töluvert fleiri telja sig nú mjög örugga eða frekar örugga á vegum landsins en fyrir ári síðan eða 65 prósent. Einnig eru þeir heldur fleiri sem telja kantstíkur og yfirborðamerkingar í lagi. Þá fjölgar þeim sem telja hálkuvarnir fullnægjandi en þeim fjölgar nokkuð sem eru óánægðir með snjómokstur á þjóðvegunum.

Nærri tveir af hverjum þremur sem svara hafa leitað upplýsinga hjá Vegagerðinni í gegnum síma, textavarp, tölvupóst, heimasíðu Vegagerðarinnar eða eftir öðrum leiðum. Þeim fjölgar nú sem eru mjög ánægðir með símsvörunina hjá Vegagerðinni en alls er ríflega 91 prósent ánægt eða mjög ánægt.

Það veur einnig sérstaka athygli og ánægju að mun fleirum finnst nú en fyrir ári síðan að merkingar þar sem vinna fer fram við vegi séu fullnægjandi en sérstak áttak hefur verið

Auglýsingar útboða

Yfirlagnir á Suðvestursvæði og Suðursvæði 2011, repave eða fræsing og malbik

11-032

Vegagerðin óskar eftir tilboðum í yfirlagnir með repave-aðferð eða fræsing og malbiki á Suðvestursvæði og Suðursvæði árið 2011.

Helstu magntölur:

Repave eða fræsun og malbik, yfirlagnir.....102.800 m²

Verki skal að fullu lokið 20. ágúst 2011.

Útboðsgögn verða seld hjá Vegagerðinni Borgartúni 7 Reykjavík (móttaka) frá og með mánudeginum 9. maí 2011. Verð útboðsgagna er 2.000 kr.


Skila skal tilboðum á sama stað fyrir kl. 14:00 þriðjudaginn 24. maí 2011 og verða þau opnuð þar kl. 14:15 þann dag.

í gangi undanfarin misseri um að bæta merkingar. Reglur hafa verið gerðar ítarlegri, námskeið haldin og eftirlit hert verulega.


Skýrsluna í heild má finna á vegagerdin.is undir „Upplýsingar og útgáfa“ og „Viðhorfskannanir“.

Sp. 1. Ert þú jákvæð(ur) eða neikvæð(ur) gagnvart Vegagerðinni?

	Fjöldi	%
Mjög jákvæð(ur) (10,0)	82	10,3
Frekar jákvæð(ur) (7,5)	331	41,6
Hvorki jákvæð(ur) né neikvæð(ur) (5,0)	295	37,1
Frekar neikvæð(ur) (2,5)	65	8,1
Mjög neikvæð(ur) (0,0)	23	2,9
Gild svör	795	100,0




	Fjöldi	%	Meðaltal (0-10)
Gild svör	795	96,4	6,2
Svara ekki	29	3,6	Staðalfrávik 2,2
Alls	825	100,0	




Sp. 3. Myndir þú segja að þú værir örugg(ur) eða óörugg(ur) þegar þú ekur um þjóðvegi landsins?

	Fjöldi	%
Mjög örugg(ur) (10,0)	65	8,2
Frekar örugg(ur) (7,5)	450	56,8
Hvorki örugg(ur) né óörugg(ur) (5,0)	156	19,7
Frekar óörugg(ur) (2,5)	107	13,6
Mjög óörugg(ur) (0,0)	14	1,7
Gild svör	793	100,0




	Fjöldi	%	Meðaltal (0-10)
Gild svör	793	96,1	6,4
Svara ekki	32	3,9	Staðalfrávik 2,2
Alls	825	100,0	




Sp. 6. Ertu ánægð(ur) eða óánægð(ur) með snjómokstur á þjóðvegum?

	Fjöldi	%
Mjög ánægð(ur) (10,0)	71	9,6
Frekar ánægð(ur) (7,5)	299	40,8
Hvorki ánægð(ur) né óánægð(ur) (5,0)	247	33,7
Frekar óánægð(ur) (2,5)	92	12,6
Mjög óánægð(ur) (0,0)	24	3,3
Gild svör	732	100,0



	Fjöldi	%	Meðaltal (0-10)
Gild svör	732	88,7	6,0
Svara ekki	93	11,3	Staðalfrávik 2,4
Alls	825	100,0	



Mynd frá verkstjóranámskeiði 1938

Hér er birt ljósmynd sem Sigríður Zoëga ljósmyndari tók af kennurum og þátttakendum á námskeiði fyrir vegaverkstjóra í apríl 1938. Myndin birtist í bókinni „Verkstjórar - saga Verkstjórásambands Íslands“ sem kom út 2001. Höfundurinn Þórarinn Hjartarson safnaði upplýsingum um mennina á myndinni og tókst með mikilli elju að nafngreina flesta. Samt


vantar enn 8 nöfn og hér er enn gerð tilraun til að leysa þessa gátu. Líklega eru þessir menn fæddir í kringum aldamótin 1900 svo samtímamenn þeirra eru tæplega að lesa þetta. En hugsanlega kannast einhverjir við þessi andlit af myndum sem til eru í fjölskyldubúnum eða þess háttar. Á myndinni sitja kennarar í fremstu röð. Nafnalistinn eins og Þórarinn skildi

við hann er hér til hliðar. Starfssvæði margra er tilgreint innan sviga, einkum ef það er utan heimahéraðs. Þetta er aðeins hluti þeirra verkstjóra sem störfuðu fyrir Vegagerð ríkisins á þessum tíma en árið áður hafði verið haldið svipað námskeið og m.a. þátttakendur þess hafa væntanlega ekki verið á þessu námskeiði.

Á næstu blaðsíðu eru stækkaðar myndir af mönnum sem ekki hefur tekist að bera kennsl á.



1. Hildimundur Björnsson, Stykkishólmi (Kerlingarskarð, Fjarðarheiði o.fl.)
2. ?
3. Árni Snævarr, verkfræðingur
4. Hannes Arnórsson, verkfræðingur
5. Geir G. Zoëga, vegamálastjóri
6. Gústav E. Pálsson, verkfræðingur
7. Ásgeir Ásgeirsson, skrifstofustjóri
8. Jóhann Hjörleifsson, Reykjavík (Holtavörðuheidi, Vatnsskarð m.m.)
9. ?
10. Sveinbjörn Gíslason, Vestmannaeyjum
11. Rögnvaldur Jónsson, Sauðárkróki
12. Stefán Kristjánsson, Ólafsvík
13. Halldór Ísfeldsson, Kálfaströnd, Mývatnssveit
14. Brynjúlfur Melsted, Stóra-Hofi, Gnúpverjahreppi
15. ?
16. ?
17. Ari Guðmundsson, Borgarnesi
18. ?
19. Jón Marínó Benediktsson, Moldhaugum, Eyjafirði
20. Ludvig Kemp, Illugastöðum, Skagafirði (Siglufjarðarskarð m.m.)
21. Sigurður Sigurbjörnsson Reyðarfirði, (Austfirðir sunnan Seyðisfjarðar)
22. Friðbert Björnsson, Siglufjarðarskarð (óstaðfest).
23. Karl Friðriksson, Reykjavík (brýr vítt um land)
24. Magnús Ingimundarson, Bæ, Króksfirði
25. Jónatan Lífjarnsson, Miðgördum, Hnappadalssýsla
26. Kristján Albertsson, Akureyri
27. Erlendur Jónsson, Hárlaugstöðum, Flóa (Rangárvallasýsla)
28. Guðmundur Benediktsson, Akureyri
29. Árni Friðriksson, Akureyri (brýr og vegir vítt um land)
30. Einar Jónsson, Akranesi (Austurland)
31. Kristján Jóhannsson, Höfn í Hornafirði (Berufjörður og suðurfirðir eystra)
32. Friðgeir Árnason, Siglufirði
33. Sverrir Guðmundsson, Lómatjörn, Suður-Pyngvejarsýsla
34. Leonard Albertsson, Akureyri (Eyjafjörður og Suður-Pyngvejarsýsla)
35. Magnús Arngrímsson, Eskifirði (Hérað og víðar)
36. Jakob Benediktsson, Þorbergstöðum, Dalasýsla
37. ?
38. Valmundur Björnsson, Vík í Mýrdal (brúasmiður vítt um land)
39. Magnús Sigurðsson, Björgum, Eyjafjarðarsýsla (um Norðurland og víðar)
40. ?
41. ?



Óþekktir þátttakendur á verkstjóranámskeiði 1938

Þeir sem telja sig þekkja þessa menn eru beðnir að hafa samband við Viktor Arnar Ingólfsson með tölvupósti vai@vegagerdin.is eða í síma 522 1068.



nr. 2



nr. 9



nr. 15



nr. 16



nr. 18



nr. 37



nr. 40



nr. 41

Forval Vaðlaheiðarganga

Alls hafa sex aðilar skilað inn gögnum vegna forvals Vaðlaheiðarganga þegar þetta er skrifað 4. maí en hugsanlega berast gögn frá fleiri þátttakendum þar sem gögn með pósthimpil fyrir klukkan 16:00 3. maí eru gild.

Þessir hafa óskað eftir að fá að gera tilboð í Vaðlaheiðargöng:

IAV/Marti (Ísland - Joint Venture)

ÍAV hf. (Ísland)

Marti Contractors Lts. (Sviss)

Ístak hf. (Ísland)

Metrostav-Suðurverk (Ísland - Joint Venture)

Metrostav a.s. (Tékkland)

Suðurverk hf. (Ísland)

Norðurverk (Ísland - Samstarfshópur)

Árni Helgason ehf. (Ísland)

SS Byggir ehf. (Ísland)

Skútaberg ehf. (Ísland)

GV Gröfur ehf. (Ísland)

Rafeyri ehf. (Ísland)

Norðurbik ehf. (Ísland)

Per Aarsleff – JKP JV (Danmörk - Joint Venture)

Per Aarsleff a/s (Danmörk)

JK Petersen Contractors P/F (Færeyjar)

Leonhard Nilsen & Sønner AS (Noregur)

Vegagerðin, fyrir hönd Vaðlaheiðarganga hf. auglýsti 28. mars sl. eftir þátttakendum í forval vegna jarðganga milli Eyjafjarðar og Fnjóskadals, ásamt byggingu tilheyrandi forskála og vega.

Um er að ræða 9,5 m breið, 7,2 km löng jarðgöng í bergi, styrkingu ganga, raf- og stjórnbúnað þeirra, um 320 m langa steinsteypta vegskála og um 4,0 km langa vegi.

Heiti verkefnisins er: Vaðlaheiðargöng

Áætlaðar magnþölur eru:

Gröftur jarðganga 500.000 m³

Sprautusteypa 25.000 m³

Steinsteypa 3.000 m³

Forskering 100.000 m³

Fylling 400.000 m³



Leiðrétting

Í síðasta tölublaði birtist mynd af brú sem sögð var vera yfir Þambá á Innstrandavegi (68). Frá Ísafirði barst ábending um að það gæti ekki verið rétt. Nú hefur fundist mynd af réttu brúnni og fylgir hún hér.

Frá Rannsóknasjóði Vegagerðarinnar


Árlega veitir Vegagerðin styrk til rannsóknaverkefna. Styrkirnir eru fjármagnaðir af svonefndu tilraunafé, sem er nú 1,5% af mörkuðum tekjum stofnunarinnar. Velflestum verkefnum lýkur með því að skrifaðar eru skýrslur og eru þær settar á heimasíðu Vegagerðarinnar öllum opnar til skoðunar. Hér á eftir er gerð örstutt grein fyrir efni nokkurra af þeim skýrslum sem komið hafa út, en nánari upplýsingar má finna á heimasíðu Vegagerðarinnar (www.vegagerdin.is), undir „Upplýsingar og útgáfa / Rannsóknaskýrslur“.

Vísitala vegagerðarkostnaðar

– Tillögur að endurskoðun í kjölfar

kostnaðargreiningar október 2009

Í verkefninu var skoðað hvernig kostnaður við vegaframkvæmdir skiptist hlutfallslega í mismunandi gerðum verka. Þetta var gert til að leggja grunn að endurskoðun vísitölu vegagerðarkostnaðar. Í greinargerð um verkefnið er gerð tillaga um hvernig ný vísitala getur verið byggð upp og hvernig standa megi að uppfæringu vísitölugrunnsins. Við athuganir sem gerðar voru í tengslum við verkefnið kom í ljós að launakostnaður er mestur í brúargerð en minni í vega- og jarðgangagerð, sem er í samræmi við fyrri athuganir tengdar verkefninu „Mannaflapörf og tækjanotkun í vegagerð“.



Líkan til samanburðar á hagkvæmni steyptra og malbikaðra slitlaga september 2009

Í skýrslunni er lýst reiknilíkani sem nota má til að bera saman hagkvæmni steyptra og malbikaðra slitlaga á fjögurra akreina vegi með miðlungs umferð. Hægt er að nálgast líkanið á Excel formi á vef Vegagerðarinnar. Líkanið er gert með fyrirhugaða tvöföldun Hringvegjar milli Reykjavíkur og Selfoss í huga. Miðað við 6% reiknivexti og einingaverð í júní 2009 gefur líkanið til kynna að malbik sé mun hagkvæmari kostur en steypa á áður nefnda tvöföldun Hringvegjar. Fyrirvarar eru settir um niðurstöður, bæði hvað varðar tæknilega útfærslu á steypum slitlögum, sem og óstöðugu verðlagi þegar athugunin var gerð.

Áhrif af gerð hjáleida framhá þéttbýli desember 2009

Í verkefninu var farið yfir niðurstöður erlendra rannsókna um áhrif hjáleida á umferðaröryggi, landnotkun, heilsu og efnahag. Dæmi frá Selfossi voru einnig skoðuð í því samhengi. Gerð hjáleida framhá þéttbýli hefur bæði jákvæð og neikvæð áhrif. Minnkandi umferð í þéttbýli hefur í för með sér minni umferðarhávaða og loftmengun, meira öryggi og minni farartálma fyrir aðra vegfarendur. Hjáleidin getur þó orðið til meiri truflunar í dreifbýlinu og þrýstingur myndast um byggingu þjónustu við nýju hjáleidina. Á Selfossi er hlutfall gegnumumferðar lágt og því talið að áhrif hjáleidar á þéttbýlið verði hverfandi. Áform sveitarfélagsins benda einnig til að gerð hjáleidarinnar sé fremur að búa til nýja tengingu innan þéttbýlisins. Fram kemur að þegar valið stendur milli gerðar hjáleidar eða að bæta aðstæður í þéttbýlinu, þar sem gegnumumferð fer um, þarf að vera skýrt hvaða markmiðum framkvæmdin á að ná og velja lausnir í samræmi við það.



Bestun á öxulflokkun umferðargreina desember 2009

Frá árinu 2000 hefur Vegagerðin komið upp neti öxulgreina á þjóðvegum landsins. Markmið verkefnisins er að bæta stillingar fyrir EUR13 ökutækjaflokkunarkerfið og aðlaga að héraðri umferð. Með sjónmælingu annars vegar og þyngdarmælingu hins vegar var hægt að bæta flokka-skilgreiningu umferðargreina Vegagerðarinnar verulega, þannig að raunverulegri þungaumferð sé lýst sem best. Hægt verður að nota þessar nýju ERU13 stillingar til að leiðrétta stillingar í öllum öxulgreinum Vegagerðarinnar.



Yfirlit yfir útboðsverk

Þessi listi er stöðugt til endurskoðunar og geta dagsetningar og annað breyst fyrirvaralaust. Það eru auglýsingar útboða sem gefa endanlegar upplýsingar. Fremst í lista er númer útboðs í númerakerfi framkvæmdadeildar. **Rautt númer = nýtt á lista**

Fyrirhuguð útboð	Auglýst: dagur, mánuður, ár	
11-031 Kópavogslækur V (40), - viðgerð steypu	2011	
11-030 Vetrarþjónusta 2011-2014, Vegamót - Borgarnes - Brattabrekka	2011	
11-021 Ólafsfjarðarvegur (82), snjófóðavarnir við Sauðanes	2011	
11-020 Vetrarþjónusta 2011-2014, Píngeyri - Flateyri - Suðureyri	2011	
11-019 Vetrarþjónusta 2011-2014, Brjánslækur - Bíldudalur	2011	
11-017 Reykjanesbraut (41) undirgöng við Straumsvík	2011	
11-012 Hringvegur (1), Norðausturvegur - Hróteyjarkvísl, styrking og endurbætur	2011	
11-011 Yfirlagnir á Norðaustursvæði 2011, malbik	2011	
11-013 Styrkingar og yfirlögn á Norðaustursvæði 2011	2011	
11-004 Girðingar á Suðursvæði 2011	2011	
11-005 Efnisvinnsla á Suðursvæði 2011	2011	
11-015 Efnisvinnsla á Norðaustursvæði 2011, norðurhluti	2011	
11-009 Yfirlagnir á Norðaustursvæði 2011, austurhluti, klæðing	2011	
Auglýst útboð	Auglýst:	Opnað:
11-002 Yfirlagnir á Suðursvæði, klæðing 2011	09.05.11	24.05.11
11-032 Yfirlagnir á Suðvestursvæði 2011, repave eða fræsing og malbik	09.05.11	24.05.11
11-008 Yfirborðsmerkingar á Suðvestursvæði og Suðursvæði 2011-2012, sprautuplast og mössun	09.05.11	24.05.11
11-006 Yfirlagnir á Suðvestursvæði 2011, malbik	09.05.11	24.05.11

Auglýsingar útboða

Yfirborðsmerkingar á Suðvestursvæði og Suðursvæði, 2011-2012

11-008 Vegagerðin óskar eftir tilboðum í yfirborðsmerkingar akbrauta með vegmössun, árin 2011- 2012. Um er að ræða vegmössun á Suðvestursvæði og Suðursvæði.

Helstu magntölur, miðað við eitt ár, eru:

Spautumössun, akreinalína
og markalína. 740.000 m
Formerkingar 240.000 m
Vegmössun, örvar,
stakar merkingar og lína 7.300 m²
Biðskylduþríhyrningar. 1.200 stk.
Verki skal að fullu lokið 15. september 2012.

Útboðsgögn verða seld hjá Vegagerðinni Borgartúni 7 í Reykjavík (móttaka), frá og með mánudeginum 9. maí 2011. Verð útboðsgagna er 4.000 kr.

Skila skal tilboðum á sama stað fyrir kl. 14.00 þriðjudaginn 24. maí 2011 og verða þau opnuð þar kl. 14:15 þann dag.

Auglýst útboð, framhald	Auglýst:	Opnað:
10-012 Efnisvinnsla á Vesturlandi 2011	02.05.11	17.05.11
11-024 Brú á Pambá (68), viðgerð steypu	02.05.11	17.05.11
11-025 Brú á Tunguá (68), viðgerð steypu	02.05.11	17.05.11
11-026 Brýr á Hrófá og Fellsá (68), viðgerð steypu	02.05.11	17.05.11
11-027 Brú á Þorskafjarðará (60), sandblástur og málun	02.05.11	17.05.11
11-007 Grassláttur á Suðvestursvæði 2011-2012	18.04.11	10.05.11
11-009 Yfirlagnir á Norðaustursvæði 2011, klæðing	18.04.11	10.05.11
11-018 Vaðlaheiðargöng	28.03.11	03.05.11
Útboð á samningaborði	Auglýst:	Opnað:
11-022 Skeiðháholtsvegur	11.04.11	27.04.11
11-023 Yfirlagnir á Norðvestursvæði 2011, blettanir slittaga	11.04.11	27.04.11
11-014 Efnisvinnsla á Norðaustursvæði 2011, austurhluti	11.04.11	27.04.11
10-058 Reykjanesbraut (41) undirgöng við Grænás	07.03.11	22.03.11
10-057 Hringvegur (1) brú á Ystu - Rjúkandi	04.10.10	26.10.10
Samningum lokið	Opnað:	Samið
11-001 Yfirlagnir á Norðvestursvæði 2011, klæðing <i>Borgarverk ehf., kt. 540674-0279</i>	12.04.11	27.04.11
11-016 Snæfellsnesvegur (54) um Haffjarðará <i>Borgarverk ehf., kt. 540674-0279</i>	05.04.11	27.04.11
Útboð fellt niður		
11-003 Yfirlagnir á Suðursvæði, malbik 2011 (sameinað útboði 11-006 og 11-032)		

Yfirlagnir á Suðursvæði og

Suðvestursvæði 2011, klæðing

11-002 Vegagerðin óskar eftir tilboðum í yfirlagnir með klæðingu á Suðursvæði og Suðvestursvæði 2011. Heildarlengd yfirlagna er u.þ.b. 51 km.

Helstu magntölur eru:

Yfirlagnir, klæðing (K1),
með flokkaðri mól 87.000 m
Yfirlagnir, klæðing (K1),
án efnis 270.000 m
Hjólafarafylling, klæðing (K1),
án efnis 35.000 m
Klæðing, bindi og viðloðunarefni 530 tonn
Verki skal að fullu lokið 1. september 2011.

Útboðsgögn verða seld hjá Vegagerðinni Breiðumýri 2 á Selfossi og Borgartúni 7 í Reykjavík (móttaka) frá og með mánudeginum 9. apríl 2011. Verð útboðsgagna er 2.000 kr.

Skila skal tilboðum á sömu stöðum fyrir kl. 14:00 þriðjudaginn 24. maí 2011 og verða þau opnuð þar kl. 14:15 þann dag.